

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupsins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 300.00 árlega, af hverri íbúð og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húseignanna 4%.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 2000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 130 16. sept. 1944, um holræsi í Patrekfirði og breyting á þeirri reglugerð nr. 137 9. okt. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. júlí 1968.

Nr. 177.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968:

Stöður vöruflutningabifreiða yfir 1 smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða fyrir 10 farþega og þar yfir, eru bannaðar í Skúlagötu að norðanverðu á milli Skúlatorgs og Höfðatúns.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 9. júlí 1968.

Sigurjón Sigurðsson.